

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Björgunar- og sjúkrasjóð Breiðafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. maí 1971. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Björgunar- og sjúkrasjóð Breiðafjarðar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þorbirni Jónssyni og eiginkonu hans, Svanhildi Jóhannsdóttur, Mímisvegi 2, Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00, sem fyrrnefnd hjón gáfu 24. apríl 1954, auk gjafa og framlaga frá ýmsum aðilum, þannig að sjóðurinn nemur ásamt vöxtum pr. 31. desember 1970 kr. 2 622 347.51. Er gjöf hjónanna innt af hendi í þeirri von, að Breiðfirðingar finni nauðsyn þess, að slíkur sjóður sé til, og reyni að efla hann á allan hátt.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því, að Breiðfirðingar eigi jafnan aðgang að hinum fullkornustu björgunartækjum, sem kostur er á, á hverjum tíma og örugga aðstöðu til hjálpar og hjúkrunar sjúkum og öldruðum við Breiðafjörð.

4. gr.

Stjórninni er heimilt að verja fé sjóðsins á hvern þann hátt, er hún telur bezt henta til að ná framangreindum tilgangi, m. a. skal heimilt að kaupa björgunartæki, eitt eða fleiri, í samvinnu við aðra, svo sem Slysavarnafélag Íslands og landhelgisgæzlu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og sé sýslumaður Snæfellsnessýslu formaður stjórnarinnar. Hinir 4 stjórnendur skulu vera sýslunefndarmenn eftirtalinnna sveitarfélaga, einn frá hverjum stað: a) Ólafsvík, b) Hellissandi, c) Grundarfirði, d) Stykkishólmi. Að auki er Guðlaugur Þorláksson, skrifstofustjóri, Víðimel 27, Reykjavík, sjálfkjörinn í stjórnina, eða annar maður, er skrifstofa hans velur.

6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna á hvern þann hátt, sem stjórn hans telur heppilegast, en andvirði hans má verja skv. ákvæðum 4. gr. Þó skal aldrei skerða höfuðstól meira en svo, að hann nemi fullum 2 milljónum króna.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar hans færðir í gerðabók og endurskoðaðir af kjörnum sýsluendurskoðendum Snæfellinga árlega. Jafnframt skal sjóðsstjórnin gera sýslunefnd grein fyrir störfum sínum og ákvörðunum á aðalfundi sýslunefndar ár hvert.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Björgunarskútu-sjóð Breiðafjarðar frá 23. júní 1954.

Reykjavík, 4. maí 1971.

Þorbjörn Jónsson

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 202 19. nóvember 1959, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 27 28. marz 1962 og reglugerð nr. 110 1. júlí 1963, um breytingar á fyrstnefndri reglugerð.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Framma, Reykjavík, þannig, að ein bifreið komi á hverja 170 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. málsgrein telst Reykjavík, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneshreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 170 íbúa, skal ekki veita nema fjórða hvert þeirra atvinnuleyfa sem losna.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 170 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert atvinnuleyfi, sem losnar.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. október ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 27 28. marz 1962.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.